

1905

Fimmtudaginn 6. júlí 1995.

Nr. 224/1995.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Hildi Fríðu Þórhallsdóttur**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn færði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins færða úrskurðar með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins færða úrskurðar verður ekki fallist á, að um skilyrði gæsluvarðhalds sé að ræða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákæra ríkissaksóknara frá 20. júní 1995 á hendur varnaraðila varðar fjárvikabrot hennar á tímabilinu september 1994 til febrúar 1995. Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald snýr að ellefu öðrum málum frá tímabilinu febrúar til maí 1995, sem varnaraðili er sökuð um aðild að. Samkvæmt þessu er nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verður hinn færði úrskurður staðfestur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn færði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.**

Ár 1995, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar

1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að Hildi Fríðu Þórhallsdóttur, kt. 251068-3139, Kambaseli 56, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hennar, en hún er grunuð um brot gegn 248. gr. og 244. gr. eða 254. gr., sbr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða var handtekin aðfaranótt 19. júní sl., en hún hafði verið eftirlýst um skeið vegna grunar um aðild að innbrotspjófnum, fjársvikum og skjalafalsi.

Til rannsóknar eru hjá RLR 11 mál, sem kærða er grunuð um aðild að og framin voru frá því í lok desember 1994 og til apríl 1995. Hefur kærða viðurkennt aðild að öllum málunum, sem lúta öll nema eitt að tékkasvikum. Hefur hún viðurkennt að hafa ritað nafn sitt sem útgefandi og framseljandi á fjölda tékka, og skiptir andvirði þeirra hundruðum þúsunda króna. Eru flestir tékkanna komnir úr tékkheftum, sem stolið hefur verið í innbrotum í fyrirtæki í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum fyrr á þessu ári og í lok hins síðasta, en innbrot þessi eru óupplýst. Kærða hefur lýst því, að tékkaeyðublöðin, sem hún notaði til fjársvikanna, hafi hún fengið hjá Ragnari Erni Eiríkssyni, kt. 090560-5819, en kveðst ekkert vita um það, hvernig Ragnar Örn hafi komist yfir þau. Neitar kærða allri aðild að innbrotspjófnum. Fyrrgreindur Ragnar Örn Eiríksson var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 21. júní sl., hnepptur í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 með skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, aðallega vegna rannsóknar á þeim afbrotum, sem kærða er hér sökuð um að eiga aðild að.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins telst kærða vera undir rökstuddum grun um að hafa framið þau hegningarlagabrot, sem henni eru gefin að sök og varðað geta hana fangelsisrefsingu. Hinn 19. júní sl. var kærða úrskurðuð í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til dagsins í dag.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin, þótt ekki sé henni lokið. Um rökstuðning fyrir kröfu sinni um nauðsyn áframhaldandi gæsluvarðhalds yfir kærðu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vísar RLR til þess, að með öllu skorti upplýsingar um það, með hvaða hætti kærða hafi komist yfir tékkaeyðublöð þau, sem ljóst sé, að stolið hafi verið í innbrotum og kærða notað sviksamlega í lögskiptum. Þá neiti kærða með öllu aðild að innbrotunum, þótt sammerkt sé þeim tékkum, sem fram eru komnir, að allir hafa þeir farið um hendur kærðu og öllum verið stolið í innbrotum. Eins og framburði kærðu sé háttáð, sé ljóst, að kærða búi a. m. k. yfir vitn-

eskju, hverjir þeir eru, sem útvega kærðu tékkaeyðublöðin og þá langlíklegast einnig stolið þeim. Þá sé eftir að yfirheyra meðkærða, Ragnar Örn, í mörgum málanna, og ekki séu allir tékkar úr stolnum tékkheftum fram komnir.

Umfang máls þessa, sem hér er til rannsóknar, hefur ekki aukist á þeim 11 dögum, sem kærða hefur setið í gæsluvarðhaldi. Með vísan til framanritaðs verður ekki séð, að enn sé um að ræða þá rannsóknarhagsmuni, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sem réttlæti áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærðu á þeim grundvelli.

Hinn 20. júní sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærðu fyrir fjárvikabrot, að mestu framin frá því í september 1994 og fram í febrúar sl., og eru tékkar, sem kærða er sökuð um að hafa notað í viðskiptum, rúmlega 50 talsins. Þá er kærðu einnig gefið að sök að hafa í september 1994 þegið gistingu og veitingar á þremur hótelum án þess að hafa greitt fyrir og hafa fyrir fram ákveðið að greiða ekki fyrir þjónustuna. RLR vísar einnig til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 kröfu sinni til stuðnings, þar sem hætta sé á, að kærða muni halda áfram brotum, meðan máli hennar sé ekki lokið. Er í því sambandi vísað til þess, að í ákæru þeirri, sem liggur frammi í réttinum, sé lýst afbrotahrinu kærðu í september, október og desember 1994, sem sé áþekk þeirri, er nú sé til rannsóknar. Beri þetta því ótvírætt vitni, að ætla megí, að kærða muni halda áfram afbrotum, meðan máli hennar er ólokið, verði hún látin laus.

Fallast verður á það með vísan til framanritaðs, að veruleg hætta sé á, að kærða muni halda áfram afbrotum, meðan málum hennar er ólokið, verði hún látin laus. Með vísan til þess og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærðu tekin til greina, eins og hún er fram sett.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Hildur Friða Þórhallsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið upp kveðinn upp í málum hennar.